

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar

b/t Ólafur Melsted

Þverholti 2

270 Mosfellsbæ

18. júní 2019

Teigsland ehf. óskar hér með eftir að skipulagi samnefnds lands í Mosfellsbæ verði breytt í íbúða og atvinnusvæði í fyrirhugaðri endurskoðun á aðalskipulagi bæjarins.

Sbr. samtal okkar þá höfum við unnið ákveðnar tillögur sem gera ráð fyrir 10 - 15 þús. m² af atvinnuhúsnæði og um 200 íbúðum í sérbýli og fjölbýli. Við höfum áhuga á að kynna þær tillögur fyrir skipulagsnefnd og fara samhliða yfir sjónarmið að baki þess að breyta notkun landsins.

Samhliða endurskoðun aðalskipulagsins þá óskum við jafnframt eftir að fá að hefja undirbúning að deiliskipulagi atvinnuhlutans ofan Reykjavegs og íbúðahlutans neðan Reykjavegs.

Slík vinna yrði þá að sjálfssögðu alfarið á okkar ábyrgð og kostnað og án nokkurra skuldbindinga af hálfu Mosfellsbæjar.

Virðingarfyllst,



Jón Pálmi Guðmundsson